

**A 1636/kultur**

Lagt fram af:

Björt Samuelsen (T), Finn Sørensen (EL), Høgni Hoydal (T), Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Fjallað um í:

Menningar- og menntamálanefnd

Númer skjals 14-00285-1

Þingmannatillaga um öfluga og frjálsa fjölmiðla á Norðurlöndum

Fjölmiðlar á Norðurlöndum hafa veikt mjög á síðustu árum. Þeir glíma við hraða tækniþróun og erfiða fjárhagsstöðu. Víða er staðan á fjölmiðlamarkaði óskýr vegna þess að eignarhald er óljóst. Fjölmiðlun á jaðarsvæðum Norðurlanda hefur orðið sérlega illa úti vegna niðurskurðar og gjaldþrota. Ísland, Grænland og Færeyjar eru dæmi um þessa þróun. Skýrt merki um óviðunandi stöðu blaðamenskunnar eru þeir fjölmiðlar sem eru reknir með tapi en sem haldið er gangandi af eigendum sem vilja stýra frétttaflutningi og samfélagsmyndinni.

Norræn framhaldsmenntun blaða- og fréttamanna gegnir mikilvægu hlutverki í því að styrkja sjálfstæði þessa faghóps, í miðlun þekkingar og öflun reynslu þvert á norræn landamæri. Hún er einnig mikilvæg vegna þess að hún hjálpar blaða- og fréttamönnum að mynda tengsl og til þess að fjalla um Norðurlönd á Norðurlöndum.

Norrænt samstarf þarf á norrænni blaðamannamenntun og blaðamannastyrkjum að halda til þess að áherslan í blaðamenskunni beinist að almenningi á Norðurlöndum, norrænum atburðum, norrænni velferð og norrænu samfélagi. Um leið þarf að gæta þess að sjálfstæði og heilindi blaðamanna verði ekki skert með því að þeir verði settir í að skrifa það sem stjórnáamenn á Norðurlöndum vilja heyra. Leggja þarf mikla áherslu framvegis á það norræna samstarf sem styður frjálsa og upplýsta fjölmiðlun. Þess vegna er lagt til:

að Norræna blaðamannamiðstöðin (NJC) fái að halda velli án niðurskurðar og fremur verði hugað að því að leggja aukna áherslu á hana, styrkja hana og hugsanlega að endurskipuleggja þau verkefni sem NJC vinnur með,

að haldin verði ráðstefna um stöðu frjálsrar fjölmiðlunar á Norðurlöndum í samstarfi við NJC í Danmörku,

að í framhaldi af ráðstefnunni verði gripið til aðgerða til að styrkja frjálsa fjölmiðlun á Norðurlöndum, sérstaklega með áherslu á þau svæði þar sem erfiðast hefur verið að reka fjölmiðla fyrir almenning,

að Norræna blaðamannamiðstöðin verði hvött og styrkt til að halda stórt blaðamannanámskeið um framtíðarhorfur frjálsrar fjölmiðlunar á Norðurlöndum, hvað þarf til og með hvaða hætti er hægt að standa vörð um frjálsa fjölmiðlun og fræðslu á Norðurlöndum,

að veittir verði fjármunir til að hefja rekstur sameiginlegs norræns fréttavefjar sem ráði til sín að minnsta kosti tvo blaðamenn frá hverju norrænu landanna og frá sjálfstjórnarsvæðunum, sem flytji fréttir af norrænu samfélagi og menningu.

Reykjavík 10.október 2014

Björt Samuelsen (T)
Finn Sørensen (EL)

Hogni Hoydal (T)
Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Norðurlandaráð

A 1636/kultur

Lagt fram af:
Björt Samuelsen (T), Finn Sørensen (EL), Hogni Hoydal (T), Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Fjallað um í:
Menningar- og menntamálanefnd

Númer skjals 14-00285-1

Norðurlandaráð

A 1636/kultur

Lagt fram af:
Björt Samuelsen (T), Finn Sørensen (EL), Hogni Hoydal (T), Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Fjallað um í:
Menningar- og menntamálanefnd

Númer skjals 14-00285-1